

# FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HERJÓLFS OHF. 2020

Aðalfundur Herjólfs ohf. haldinn miðvikudaginn 27. maí 2020, kl. 20:00, í Pálsstofu í Safnahúsi Vestmannaeyja, Ráðhúströð, Vestmannaeyjum.

**Mætt voru:** Arnar Pétursson, stjórnarformaður, Agnes Einarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Guðmundsson, Birna Vídó Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri, Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi, Elís Jónsson, bæjarfulltrúi og Helga Kristín Kolbeins, bæjarfulltrúi, Helga Jóhanna Harðardóttir, varabæjarfulltrúi, Eyþór Harðarson, varabæjarfulltrúi, Jóhann Pétursson, lögmaður, Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, Sindri Ólafsson á vegum Eyjafréttu og Tryggvi Már Sæmundsson á vegum Eyjar.net.

Njáll Ragnarsson, bæjarfulltrúi og Trausti Hjaltason, bæjarfulltrúi, boðuðu forföll

Helgi Nielsson, endurskoðandi félagsins, sat fundinn undir liðum 1 og 2.

## Fundarstörf

Arnar Pétursson stjórnarformaður setti fundinn. Stjórnarformaður lagði til að Jóhann Pétursson yrði kjörinn fundarstjóri. Var tillagan samþykkt einróma.

Jóhann Pétursson, fundarstjóri, tók við stjórn fundarins og lagði til að Angantýr Einarsson yrði kosinn fundarritari. Samþykkti fundurinn það án athugasemda.

Fundarstjóri greindi frá því að boðað hefði verið til fundarins skv. 14. gr. samþykka félagsins eftir að hafa kynnt sér gögn um boðunina og fundurinn væri því lögmætur. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár. Fundarstjóri upplýsti um að orðið yrði gefið laust um bæði skýrslu stjórnar og ársreikning að loknum kynningum á báðum skýrslum.

Stjórnarformaður félagsins flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri stjórnarformanni félagsins fyrir kynninguna.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

Endurskoðandi félagsins kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri endurskoðanda félagsins fyrir kynninguna.



Fundarstjóri gaf orðið laust.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn og starfsfólki Herjólfss ohf. fyrir frábær störf á undanförunum mánuðum. Ljóst er að starfsfólk hafi unnið af miklum heilindum og dugnaði á vandasömum tímum í rekstri félagsins.

Hluthafi óskaði eftir því við framkvæmdastjóra Herjólfss ohf. að koma þakklæti til starfsfólks félagsins fyrir vel unnin störf.

Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslu stjórnar og ársreikning 2019.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til samþykktar og var hann samþykktur án athugasemda.

3. Starfskjarastefna stjórnar kynnt og tekin til samþykktar.  
Stjórnarformaður félagsins kynnti drög að starfskjarastefnu félagsins. Áætlað er að ný starfskjarastefna taki gildi nú þegar. Verður starfskjarastefnan birt á vefsíðu félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þennan þátt dagskrár, en enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar starfskjarastefnu upp til samþykktar og var hún samþykkt án athugasemda.

4. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.  
Tillaga liggur fyrir frá hluthafa um að þóknun til stjórnarmanna verði óbreytt milli ára.  
Tillagan var samþykkt án athugasemda.
5. Tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.  
Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar félagsins um að tap félagsins yrði tekið af eigin fé félagsins.

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

6. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.  
Fundarstjóri bar upp tillögu bæjarstjóra að breytingum á samþykktum Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. og gerði grein fyrir breytingunum. Breytingarnar fela í sér þá meginbreytingu sem fram kemur annars vegar í grein 4.1 þar sem kveðið er á um að áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu í bæjarstjórn ásamt tveimur til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins og hins vegar í grein 3.3 þar sem kveðið er á um að bæjarstjóri Vestmannaeyja, fari með alla hluti bæjarins í félaginu, í umboði bæjarstjórnar.

Að öðru leyti vísast til tillögunnar sem birt verður á vefsíðu félagsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlíð og var tillagan samþykkt einróma.



7. Kosning stjórnar

Bæjarstjóri afhenti fundarstjóra tillögu að stjórn félagsins:

Sem aðalmenn í stjórn félagsins voru eftirfarandi einstaklingar tilnefndir:

Arnar Pétursson  
Agnes Einarsdóttir  
Guðlaugur Friðþórsson  
Páll Guðmundsson  
Arndís Bára Ingimarsdóttir

Sem varamenn í stjórn félagsins voru eftirfarandi einstaklingar tilnefndir:

Aníta Jóhannsdóttir  
Birna Vídó Þórsdóttir

Tillagan var samþykkt einróma.

8. Kosning endurskoðenda

Tillaga barst frá stjórn um að KPMG, Borgartúni 27, Reykjavík, verði endurkjörið sem endurskoðendafyrirtæki félagsins og var tillagan samþykkt einróma.

9. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin slík mál hafa borist.


Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kosninguna og velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:59

Fundargerð ritaði Angantýr Einarsson

Fundarstjóri



Fundarritari



Fundargerðin var borin upp til samþykktar á fundinum og samþykkt einróma án athugasemda. Var fundargerðin undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.